



Fjölbrautaskóli Suðurlands

## LEIK2AC05

Frumsköpun

Kennsluáætlun – haust 2021

---

**Kennari/ar:** Guðfinna Gunnarsdóttir      **Skammstöfun:** GG

**Áfangalýsing:** Unnið verður að sköpunarvinnu frá frumsköpun til uppsetningar leiksýningar frá upphafi til enda. Unnið verður í samstarfið við ritlistaráfanga á 3ja þrepi í íslensku.

### Markmið:

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Að nemendur kynnist helstu hugtökum varðandi uppsetningu
- Öðlist skilning á ólíkum leiðum sem nýta má við mótun leikverks
- Kynnist innra starfi leikhúss, frá handriti að heildarmynd
- Hvernig hugsa má verk út frá mismunandi sjónarhornum
- Hugmyndavinnu í sambandi við svið og búninga

### Leikni- og hæfniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Að setja sig í spor annara í gegnum leik
- Að greina leiktexta
- Að vinna í hópi, meta sitt eigið vinnuframlag og annara
- Að vinna sjálfstætt
- Að tjá sig á skilmerkilegan hátt um efni tengd námskeiðinu
- Að skipuleggja tíma og vinnu

**Námsefni:** Textar og annað efni frá kennara.

### Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Unnið verður jafnóðum með stöðugum æfingum sem kennari metur inn í einkunn. Nemendur vinna eitt lokaverkefni/uppsetningu út frá þeim æfingum sem þeir hafa lært.

Nemendur vinna ígrundunarbók sem þeir skrifa í alla önnina, bókin á að endurspegla skilning á þeim þemum sem tekin eru fyrir í kennslu. Nemendur skila bókinni til yfirferðar 2 sinnum á önninni. Opinn tími í lok annar liggur til grundvallar við mat á framförum á önninni.

Nemendur skila ígrundunarbók í lok annar.

**Sérreglur áfangans:** Mjög mikilvægt er að nemendur mæti í alla tíma með bros á vör og jákvæðni að leiðarljósi. Tímaástundun spilar stóran þátt í árangri og vinnu. Mikil hreyfing er í áfanganum og því mikilvægt að nemendur mæti í tíma í þægilegum klæðnaði.

### Námsmat:

| <b>Námsmat</b>       | <b>Lýsing</b>  | <b>Vægi</b> |
|----------------------|--|-------------|
| Vinnulag nemanda     | Vinna á önninni miðast við frammistöðu, áhuga og atorkusemi í tímum, einbeitingu, mætingu, framfarir og undirbúning. | 10%         |
| Frumsköpunarverkefni |  | 20%         |
| Samvinnuverkefni     |  | 40%         |
| Lokaverkefni         |  | 10%         |
| Ígrundunarbók        | Dagbók þar sem nemendur skrifa um hvað var gert og hvernig nemandi metur það sem lærðist.                            | 20%         |

**Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.**

**Guðfinna Gunnarsdóttir.**